Ár 1974, þriðjudaginn 5. febrúar, var í málinu nr. 37/1973 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

**úrskurður:**

Málavextir eru þeir, að Hið íslenzka prentarafélag er eigandi jarðarinnar Miðdals í Laugardalshreppi, Árnessýslu. Meginhluta jarðarinnar hefur félagið byggt á ábúð, en hluta af henni hefur það tekið til afnota fyrir sumarhús félagsins og einstakra félagsmanna. Hefur verið talið, að síðastgreint land sé 10 hektarar að stærð.

Í aðalmati er fasteignamati hagað þannig, að til mats og skráningar sem sjálfstæð fasteign er í fyrsta lagi tekin jörðin sjálf, þ.e. landbúnaðarland, ásamt íbúðarhúsi og byggingum tengdum landbúnaði (8712-4400), og í öðru lagi fyrrgreind 10 hektara landspilda (4400-0030), ásamt sumarhúsum félagsmanna og félagsins, sem eru hvert um sig sérgreindur matshluti.

Af hálfu sveitarsjóðs Laugardalshrepps hefur verið lagður fasteignaskattur á ofangreindar eignir. Hefur skattlagningu verið hagað þannig samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, að jörðin ásamt mannvirkjum hefur verið skattlögð sérstaklega og síðan hvert einstakt ofangreindra sumarhúsa.

Í bréfum til Yfirfasteignamatsnefndar, sem dagsett eru 24. maí og 20. júní 1973, hefur félagið gert athugasemdir við mat og skattlagningu ofangreindra eigna. Má telja, að krafist sé úrlausnar nefndarinnar um eftirtalin atriði:

1. Mat og skráningu ofangreindrar 10 hektara landspildu.
2. Fasteignamatsverð sumarhúsa félagsins og félagsmanna.
3. Skyldu félagsins til að svara fasteignaskatti af sumarhúsum í eigu félagsins.

<u>Um 1.</u>

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um umráð og afnot þessarar landspildu, verður ekki fallist á, að rétt sé að skrá hana og meta ásamt jörðinni sjálfri.

<u>Um 2.</u>

Að öllu athuguðu þykir fasteignamatsverð umræddra sumarhúsa ekki of hátt ákveðið, enda verður ekki talið, að þau atriði, sem sérstaklega hefur verið bent á af hálfu félagsins, eigi að valda lækkun almenns fasteignamats.

Um 3.

Fram hefur komið, að félagið sjálft á sumarhús í landi sínu, og er þar um að ræða matshluta 01 og 18 fyrrgreindrar fasteignar nr. 4400-0020. Kemur til athugunar, hvort mannvirki þessi njóti undanþágu frá fasteignaskatti samkvæmt 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt.
Í ofangreindum lagaákvæðum segir m.a., að undanþegin fasteignaskatti séu orlofsheimili launþegasamtaka. Ber að skýra þessi ákvæði svo, að til launþegasamtaka geti yfirleitt aðeins talist almenn félagssamtök starfsmanna tiltekinna starfsgreina, er séu í fyrirsvari fyrir starfsmennina í heild.

Samkvæmt 1. gr. félagslaga Hins íslenzka prentarafélags, nær félagssvæði þess til landsins alls. Þá kemur fram í 2. gr., að félaginu er ætlað að efla hag og samtök prentara í hvívetna, eins og þar er nánar rakið.

Með hliðsjón af ofangreindum upplýsingum og öðrum gögnum, sem máli skipta, verður að telja nægilega í ljós leitt, að fullnægt sé skilyrðum 5. gr. laga nr. 8/1972 fyrir undanþágu frá fasteignaskatti, sbr. ennfremur 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972. Samkvæmt því er Hinu íslenzka prentarafélagi óskylt að svara fasteignaskatti af umræddum matshlutum.

## Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Hinu íslenzka prentarafélagi er óskylt að svara fasteignaskatti af matshlutum 01 og 18 fyrrgreindrar fasteignar nr. 4400-0020.

Aðrar athugasemdir félagsins eru ekki teknar til greina.

Gaukur Jörundsson

Torfi Ásgeirsson

Pálmi Jónsson